



Borgarráð

Erindisbréf starfshóps um framtíðarlausn á uppbyggingu og staðsetningu fyrir skotíþróttir

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um framtíðarlausn á uppbyggingu og staðsetningu fyrir skotíþróttir er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um framtíðarlausn á uppbyggingu og staðsetningu fyrir skotíþróttir, drög.



ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíðarlausn á uppbyggingu og staðsetningu fyrir skotíþróttir

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Á Álfsnesi eru starfandi tvö skotfélög, Skotfélag Reykjavíkur (SR) sem er íþróttafélag, elsta íþróttafélag í Reykjavík, og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) sem er félag skotveiðimanna. Ekki hefur verið sátt um staðsetningu skotvallanna og hafa íbúar verið ósáttir og kvartað undan hávaðamengun og jarðvegmengun og kært starfsleyfi til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ljóst er að Sundabraut fer um þetta svæði. Því þarf að huga að framtíðarstaðsetningu fyrir íþróttamiðstöð skotíþróttar og hvenær áætlað er að flutningur skotvalla frá Álfsnesi geti átt sér stað.

Hlutverk og helstu viðfangsefni:

Hlutverk starfshópsins er að leggja fram tillögur að framtíðar staðsetningu fyrir íþróttamiðstöð skotíþróttar sem hentar slíkri samstarfi í samræmi við 13. gr. íþróttalaga, í samráði við sveitarstjórnar á höfuðborgarsvæðinu gegnum SSH, íþróttahreyfinguna, skotfélögin og íslenska ríkið. Mannvirki Íþróttamiðstöðvar skotíþróttar yrðu reist utan alfaraleiða og fjarri byggð og nýtist öllum skotíþróttafélögum á höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs, formaður

Fulltrúi Menningar- og íþróttasviðs

Fulltrúi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok 1. apríl 2023.

Reykjavík [dags.]

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri